



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

NÝSKÖPUNARVERÐLAUN

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands verða afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum á morgun, miðvikudaginn 20. janúar klukkan 11:00.

Markmið verðlaunanna er að heiðra námsmenn sem unnið hafa framúrskarandi starf við úrlausn verkefna sem styrkt eru af Nýsköpunar-sjóði námsmanna.

Sex öndvegisverkefni eru tilnefnd til verðlaunanna í ár:

1. *Aukið aðgengi að hugrænni atferlismeðferð (HAM): Hugmynd að borðspili.* Verkefnið var unnið af Elvu Björgu Elvarsdóttur, Elvu Lísu Sveinsdóttur, Hildi Lovísu Hlynsdóttur, Söru Margréti Jóhannesdóttur og Kristínu Rós Sigurðardóttur, nemum í sálfræði við Háskólann í Reykjavík. Leiðbeinendur voru María Kristín Jónsdóttir, dósent við sálfræðideild Háskólans í Reykjavík, og Álfheiður Guðmundsdóttir, sálfræðingur hjá þjónustumiðstöð Breiðholts.
2. *Betri samskipti við sjúklinga sem bíða innlagnar og meðferðar á sjúkrahúsinu Vogu.* Verkefnið var unnið af þeim Ara Kvaran, Sunnevu Sól Ívarsdóttur og Þórdísi Rögn Jónsdóttur, nemum í iðnaðarverkfræði við Háskóla Íslands, og Ísól Sigurðardóttur, nema í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík. Leiðbeinendur voru Guðmundur Valur Oddsson, Rögvaldur Jóhann Sæmundsson og Tómas Philip Rúnarsson, prófessorar á verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands, og Valgerður Árný Rúnarsdóttir, yfirlæknir á sjúkrahúsinu Vogu.
3. *Heilaörvun með nýtingu vefþjóns.* Verkefnið var unnið af þeim Bjarka Frey Sveinbjarnarsyni og Hafþóri Hákonarsyni nemendum við tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík. Leiðbeinandi var Gylfi Þór Guðmundsson, aðjúnkt við sömu deild.
4. *Hreinsun skólps með himnum á Íslandi.* Verkefnið var unnið af þeim Bjarka Frey Sveinbjarnarsyni og Hafþóri Hákonarsyni, nemendum við tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík. Leiðbeinandi var Gylfi Þór Guðmundsson, aðjúnkt við sömu deild.

5. *Óróasjain „Tremv“*. – *Ný forritseining fyrir jarðskjálftakerfið SeisComP*. Verkefnið var unnið af Bethany Vanderhoof, meistaranema í jarðskjálftafræði við Háskóla Íslands, og Þórði Ágústi Karlssyni, nema í tölvunarfræði við Háskóla Íslands, undir leiðsögn Kristínar Jónsdóttur, hópstjóra náttúruvárvöktunar á Veðurstofu Íslands, og Bjarna K. Leifssonar, sérfræðings í rekstri og umsjón flókinna úrvinnslukerfa á Veðurstofunni.

6. *Sálfræðileg einkenni íslenskra knattspyrnuíðkenda: Kynning og fræðsla*. Verkefnið var unnið af Grími Gunnarssyni, MSc nema í klínískri sálfræði við Háskólann í Reykjavík. Leiðbeinendur hans voru dr. Hafrún Kristjánsdóttir, sálfræðingur og forseti íþróttadeildar Háskólans í Reykjavík, og Arnar Þór Viðarsson, yfirmaður knattspyrnumála á Íslandi og landsliðsþjálfari A-landsliðs karla.

Fréttamönnum og ljósmyndurum er boðið að vera viðstaddir athöfnina. Í samræmi við gildandi takmörkun á samkomum eru fjölmiðlar vinsamlegast beðnir um að tilkynna nöfn sinna fulltrúa fyrirfram, eigi síðar en kl. 17:00 í dag, þriðjudaginn 19. janúar.

Að lokinni verðlaunaafhendingu verður sköpuð aðstaða á Bessastöðum til að fréttamenn geti rætt við verðlaunahafa. Ljósmyndir af verðlaunahöfum verða sendar til þeirra fjölmiðla sem ekki hafa tök á að senda fulltrúa sinn á staðinn.

19. janúar 2021

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540-4400), Una Sighvatsdóttir sérfræðingur á skrifstofu forseta Íslands (895-8885) og Svandís Sigvaldadóttir sérfræðingur hjá Rannsóknamiðstöð Íslands - Rannís (515 5817).